

Fundur í skólaráði Landakotsskóla 20. apríl 2021

Klukkan 14:15

Boðaðir eru:

- Louise Hazell A Harris, myndlistarkennari – fyrir hönd yngsta stigs,
 - Hulda Signý Gyldadóttir, umsjónarkennari sjöunda bekkjar – fyrir hönd miðstigs.
 - Jolanta Paceviciené, stuðningsfulltrúi í 2. bekk – fyrir hönd annarra starfsmanna.
 - Anna Lísu Björnsdóttir, foreldri í 5 ára og 2. bekk - formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
 - Riitta Anne Maarit Kaipainen, foreldri í 2. og 5. bekk - gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
 - Anna María Bogadóttir, foreldri í 3. og 6. og 9. bekk – meðstjórnandi foreldrafélags.
 - Kristín Benediksdóttir, foreldri í 9. bekk – formaður stjórnar LKS, fulltrúi grenndarsamfélagsins.
 - Unnur Elísabet Björnsdóttir, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
 - Kristján Árni Ingólfsson, nemandi í 9. bekk og ritari nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
- Fundarstjóri og fundarritari er Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri.

Fundarefni er:

1. Skóladagatal Landakotsskóla.
2. Næsti vetur – kennarar, kennsla, unglingsval.
3. Úttekt Herdísar Staargard.
4. Önnur mál.

Mættir voru allir nema Anna Lísu, formaður foreldrafélags.

1. Skóladagatal.

Ingibjörg úrskýrir helstu áherslur á skóladagatali og nefnir lengra vetrarfrí sem fæst með því að hafa styttra vetrarfrí fyrir jóla og hafa skólann degi lengur. Einnig að síðasti skóladagur fyrir jólafrí hafi átt að vera mánudagurinn 20. desember. Til að losna við að hafa þenna staka dag á mánudag var ákveðið að einn af fimm starfsdögum kennara yrði á laugardegi. Þriðji síðast skóladagurinn að vori er tvöfaldur en þá hefur verið farið í lengri ferðir þar sem ekki er nauðsyn á að koma til baka fyrr en kl. 16. Það hefur gefist vel. Kristín vekur athygli á því að á síðasta ári þá hafi unglingsvinnan verið byrjuð þegar krakkarnir kláruðu skólann. Í vor byrjar unglingsvinnan sama dag og skólaslit eru, 11. júní. Ingibjörg segir að ef því er að skipta þá geti nemendur fengið leyfi þann dag. Almenn er ánægja með lengra vetrarfrí á vormisseri. Lousie benti á að gott gæti verið að setja inn á dagatalið barnamenningarhátíð. Skóladagtal var samþykkt.

2. Ingibjörg segir frá nokkrum atriðum varðandi næsta vetur; að þrjú kennarar sem aðlaga kenna í alþjóðadeild séu að fara í fæðingarorlof (tveir í fullu starfi og einn í hlutastarfi), þá sé Inga Bjarnason leiklistarkennari að fara á eftirlaun og Hrafnkell muni flytja til Spánar og hefja nám. Einnig að ætlunin sé að blanda 6. og 7. bekk og alþjóðadeild saman í hringekju til að tengja betur á milli bekkjana og það muni gerast í hringekju á miðstigi. Rætt er val á unglingsasti og fulltrúar unglingsa lýsa yfir ánægju með það.

3. Ingibjörg segir frá úttekt Herdísar Staargards sem hún hafi óskað eftir til að yfirfara verkferla og húsnæði. Þetta sé viðbótarúttekt en skólinn sé að sjálfsögðu tekinn út af öllum þeim opinberu aðilum sem eiga að taka út skóla og allt hafi komið vel út og það verið lagað sem athugasemdir voru gerðar um. Í úttekt Herdísar komu ýmsar góðar ábendingar, t.d. varðandi að fara kerfisbundið yfir lóð og leiktæki með ákveðnum hætti. Herdís mun halda námskeið á starfsdögum í haust. Ingibjörg lýsir mikill ánægju með vinnu Herdísar. Maarit bendir á að í leikskólum hafi sjálfstætt starfandi leikskólar fengið stuðning til að laga lóðir sínar. Ingibjörg segir frá hugmynd um battavöll/leiksvæði sem núverandi biskup hafi gefið leyfi fyrir. Reykjavíkurborg hafi hins vegar ekki gripið tækifærið. Maarit segist ætla að kanna hjá þeim sem hún þekkir í borgarbatríunum hvernig mál standi með batta/leikvöll og líka hvernig stuðning leikskólar hafi fengið.

4. Önnur mál

- Maarit og Anna María segja að gaman væri að vita meira af því sem gert er í frístund. Sonur Önnu Maríu séu í 3. bekk og hafi ekki lengur áhuga á að vera þar. Einnig veltir Maarit því fyrir sér hvort hægt væri að bjóða upp á heimanámsaðstoð í frístund sem gæti verið sérstaklega mikilvæg fyrir börn sem eiga erlenda foreldra. Ingibjörg segist muni koma þessu á framfæri við forstöðukonu frístundar, Karítas.
- Maarit nefnir einnig að gaman væri að hafa fleiri möguleika á útileikjum fyrir krakkana, t.d. að hafa spjöld með útileikum sem gætu gefið krökkunum hugmyndir. Maarit nefnir líka að barn hennar muni gjarnan vilja fá meira grænmeti. Ingibjörg segir að grænmetisbarinn hafi ekki verið settur upp að fullu vegna Covid.
- Unnur nefnir að gaman væri að taka betur á mótí 8. bekk í unglíngadeildina næsta haust og Kristján segist ætla að stinga upp á því í unglíngaráði. Ingibjörg segist líka ætla að muna eftir að finna góðan flöt á því máli.
- Maarit segir að foreldrafélagið sé nokkuð fálíðað og gott væri að fá fleiri þar inn.

Fundur í skólaráði Landakotsskóla 20. nóvember 2020

Fundargerð í skólaráði Landakotsskóla 20. 11. 2020

Tími og staður: Klukkan 14:15. Teams fundur 20. nóvember uppi í fundarherbergi í risi.

Fundarboð

Boðaðir voru:

- Louise Hazell A Harris, myndlistarkennari – fyrir hönd listgreinakennara.
- Hulda Signý Gylfadóttir, umsjónarkennari sjöunda bekkjar – fyrir hönd miðstigs.
- Jolanta Paceviciené, stuðningsfulltrúi í 2. bekk – fyrir hönd annarra starfsmanna.
- Anna Lísá Björnsdóttir, foreldri í 5 ára og 2. bekk - formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
- Riitta Anne Maarit Kaipainen, foreldri í 2. og 5. bekk - gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra.

- Anna Maria Bogadóttir, foreldri í 3. og 6. og 9. bekk – meðstjórnandi foreldrafélags.
- Kristín Benediktsdóttir, foreldri í 9. bekk – formaður stjórnar LKS, fulltrúi
- grenndarsamfélagsins.
- Unnur Elísabet Björnsdóttir, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins,
- fulltrúi nemenda.
- Kristján Árni Ingólfsson, nemandi í 9. bekk og ritari nemendafélagsins, fulltrúi
- nemenda.

Fundarstjóri er Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri.

Fundarritari er Anna Guðrún Júlíusdóttir, verkefnastjóri og nemendaráðgjafi.

Fundarefni er:

1. Starfsáætlun Landakotsskóla.
2. Niðurstöður úr innra mati.
3. Lauslega kynntar niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins frá því í september sl.
4. Lýðræðiskaffi unglingadeildar 20. nóvember á Degi mannréttinda barna UNESCO dagur.
5. Önnur mál.

Vonandi sjáið þið ykkur öll fært að mæta. Vinsamlegast látið mig vita ef þið komist ekki. Við hlökkum til að sjá ykkur hvort heldur á neti eða raunheimum.

Með góðum kveðjum,

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Þátttakendur fengu einnig í viðhengi Starfsáætlun LKS 2020-2021 og fundargerð síðasta fundar skólaráðs.

Fundurinn hófst klukkan 14:15 og voru Ingibjörg, Anna Guðrún, Kristján, Unnur, Hulda og Jolanta mætt í fundarherbergi í risinu, aðrir voru á Teams.

Mættir voru:

- Louise Hazell A Harris, myndlistarkennari – fyrir hönd listgreinakennara.
- Hulda Signý Gylfadóttir, umsjónarkennari sjöunda bekkjar – fyrir hönd miðstigs.
- Jolanta Paceviciené, stuðningsfulltrúi í 3. bekk – fyrir hönd annarra starfsmanna.
- Anna Lísu Björnsdóttir, foreldri í 5 ára og 2. bekk - formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
- Kristín Benediktsdóttir, foreldri í 9. bekk – formaður stjórnar LKS, fulltrúi grenndarsamfélagsins.
- Unnur Elísabet Björnsdóttir, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
- Kristján Árni Ingólfsson, nemandi í 9. bekk og ritari nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
- Ekki mættir:
- Riitta Anne Maarit Kaipainen, foreldri í 2. og 5. bekk - gjaldkeri foreldrafélags,

fulltrúi foreldra.

- Anna Maria Bogadóttir, foreldri í 3. og 6. og 9. bekk – meðstjórnandi foreldrafélags.

Fundarstjóri: Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Anna Guðrún Júlíusdóttir, verkefnastjóri.

1. Starfsáætlun kynnt. Starfsáætlunin er lifandi plagg og hefur verið endurbætt. Farið var sérstaklega yfir viðbætur um snertingu starfsmanna við nemendur bls. 24, umgengisreglur bls. 23. Bent á nýjar reglur um aðgangsstýringu í skólann.

Allir viðstaddir höfðu skoðað starfsáætlunina.

Starfsmannahópurinn hefur skoðað starfsáætlunina vel, unnið er í samvinnu við kennara að efni sem birtist í starfsáætlun t.d. eru reglur um snertingu starfsmanna við nemendur unnar í hópum á kennarafundum.

Fulltrúar nemenda í skólaráði hafa skoðað starfsáætlunina og vita að hún er til.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins las alla starfsáætlunina og var mjög ánægð með innihaldið. Gerði athugasemdir varðandi málfar sem snýr að reglugerðum. Við munum breyta textanum í samræmi við það sem hún leggur til.

Fulltrúar nemenda, lögðu til að starfsáætlunin yrði bundin inn þannig að hann og aðrir

- Að keyptir væru fleiri spilastokkar, sippubönd og snúsnúbönd.
- Kallað eftir reglulegum bekkjarfundum. Þeir eiga að vera á stundaskrá einu sinni í viku með ákveðnu bekkjarfundarformi sem kennarar hafa verið þjálfaðir í. Ingibjörg ætlar að minna kennara á bekkjarfundina.
- Æskilegt væri að koma upp boxi fyrir nemendur til að setja hugmyndir í.
- Jólaskreytingar. Fulltrúar nemenda óskuðu eftir því að fá að skreyta skólann fyrir jólin. Ingibjörg lagði til að hver bekkur fengi ákveðna upphæð til innkaupa fyrir jólaskraut. Hugmyndir komu um að nemendur kæmu með jólaskraut að heiman til að byrja með. Skreytidagar verða 2. og 3. desember.
- Fulltrúum nemenda var falið að skipuleggja öðruvísi föstudaga fyrir allan skólann, það eru þrír föstudagar eftir til jóla, fulltrúi miðstigs kom með dæmi um öðruvísi föstudag, sem var fríkaður hárdagur.
- Rætt var um að unglingar gætu haft sameiginlegan viðburð á netinu.
- Kallað var eftir félagsfærnikennslu fyrir nemendur. Unnar sagði að munur væri á hóp og klíku, að í skólanum ættu allir að vera saman, bekkurinn ætti að vera ein heild og koma vel fram við aðra - ekki ættu að vera klíkur í skólanum.

Það gæti hins vegar verið utan skólans.

Ingibjörg minntist á námsefnið Social Emotional Classes um samskipti fyrir miðstig sem Carly umsjónarkennari í B hóp alþjóðadeild er sérfræðingur í. Einnig ræddi hún um að PEERS væri kennt í vali fyrir unglíngastig sem verður skylduval fyrir unglíngastig frá áramótum. Allir unglingar eiga að fara í PEERS einhvern tíma á þeim sex önnum sem þeir eru í unglíngadeild.

Fulltrúi listgreinakennara sagði hversu mikilvægt og gleðilegt væri að nemendur hefðu rödd.

Næsti fundur skólaráðs verður eftir áramótin.

Fundi slitið.

Anna Guðrún Júlíusdóttir verkefnastjóri í

Landakotsskóla.

Fundur í skólaráði Landakotsskóla 12.5.2020

Viðstaddir voru:

- Margrét Sigurðardóttir, umsjónarkennari í fimm ára bekk – fyrir hönd yngsta stigs,
- Hulda Signý Gyldfadóttir, kennari á miðstigi – fyrir hönd miðstigs,
- Erna Ólafsdóttir, kennari/frístund fyrir hönd annarra starfsmanna,
- Sesselja Jónsdóttir, foreldri í 5. bekk, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra,
- Björn Karlsson, foreldri í 1. bekk og 4. bekk, varaformaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra
- Riitta Anne Maarit Kaipainen, í stjórn foreldrafélagsins,
- Ragnheiður Uglya O. Gautsdóttir, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
- Unnur Elísabet Björnsdóttir, nemandi í 9. Bekk, varamaður í nemendafélagi, fulltrúi nemenda.

Fundarstjóri er Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri og fundarritari er Anna Guðrún Júlíusdóttir, verkefnastjóri.

Fundarefni er:

1. Skóladagatal 2020-2021
2. Könnun á líðan nemenda að hausti
3. Skipulag næsta vetrar
4. Önnur mál

Fundir í skólaráði eiga að vera tvisvar á ári. Ekki var fundur á haustönn en við höldum fund sem fyrst í haust.

1. Skóladagatal 2020-2021

Ingibjörg - kynnir ferli skóladagatals og kynnir síðan dagatalið.

Anna Guðrún – Þess var gætt að frídaga beri ekki oft á sama vikudegi.

Margrét – leggur til sér foreldradag í október fyrir 5 ára, 15.-20. okt. Að viðtölin fari fram 2-3 eftirmiðdaga í október.

Almenn ánægja með skólalagatalið hjá skólaráði og það samþykkt.

2. Könnun á líðan nemenda að hausti

Ingibjörg og Anna Guðrún – Sögðu frá líðan könnun. Vandamál komu fram hjá nemendum v. frímínútna hjá yngra – og miðstigi. Unglingar almennt ánægðir með frímínútur, m.a. með símabann, þó mætti efla blöndun á milli stiga. Frímínútnagæsla endurskipulögð í kjölfarið m.a. var 4. bekkur færður yfir á útisvæði eldri nemenda og verður þannig í framtíðinni.

3. Skipulag næsta vetrar

Ingibjörg – Karitas verður með félagsfærni á stundaskár næsta vetur. Valgreinar unglunga næsta vetur ræddar, mikil ánægja hjá nemendum með úrval. Farið yfir breytingar á kennaraliði næsta vetrar. Sigríður Hjálmars fer á eftirlaun eftir næsta vetur, kennir einungis 9. bekk stærðfræði næsta vetur. Ása Sigurlaug Harðardóttir hefur verið ráðin nýr stærðfræðikennari við skólann. Anna Ágústs fer í tveggja ára leyfi.

4. Önnur mál.

a. Marait – Ef til vill að setja hjólastatíf við grænu girðinguna.

Ingibjörg – Aðkoma foreldrafélags og stuðningur.

b. Plan Reykjavíkurborgar um útivistarsvæði á Landakotsstúni. Búið er að hanna svæðið en kynningarferli ekki hafði hjá borginni. Ingibjörg skrifar bréf til borgarinnar um að málið hafi verið rætt í Skólaráði. Björn situr í íbúaráði Vesturbæjar, er kjörinn fulltrúi þar og ætlar að taka málið upp þar. Útivistarsvæðið er til hagsbóta fyrir skólann og hverfið. Hugmyndinni var mjög vel tekið.

c. Slysahætta er fyrir framan skólann. Mikilvægt að setja handrið við gangsettina svo bílar geti ekki keyrt inn á bílastæðið – sem skapar slysahættu þegar börnin eru að koma í skólann. Borgin þarf að setja handriðið en bólar ekkert á því. Skólaráð ætlar að ýta á eftir því.

d. Landakotsskóli fékk leyfi frá Cambridge til að vera með 11. og 12. ár. Pláss fyrir nemendur í 11. bekk á næsta skólaári. Fjarnám verður að hluta frá High school í Missiouri og staðnám að hluta í alþjóðadeildinni í Landakotsskóla, unnið verður eftir bandarískri námskrá. Mikil eftirspurn er eftir þessu námi á Íslandi fyrir alþjóðlega nemendur. IB námið í MH er eini möguleikinn fyrir enskumælandi nemendur. Menntamálaráðherra er velviljaður en nú eru 5 ár síðan skólastjóri byrjaði viðræður við menntamálaráðuneytið.

Maarit – Styrkur og jákvætt að hafa alþjóðadeild við skólann - viðbótamöguleikar fyrir erlenda og íslenska nemendur sem hafa búið erlendis, viðbót við flórana. Skólaráð tók mjög vel í þessa hugmynd og styður hana.

e. Bjarni – Íbúaráð Vesturbæjar hittist í skólum hverfanna. Skólastjóri kemur og kynnir starf skólans. Björn ætlar að bjóða ráðinu í Landakotsskóla.

- f. Fulltrúar nemenda – Ragnheiður og Unnur segjast vera ánægðir með það sem er að gerast í skólanum. Ragnheiður segir þó að það sé mikið að gera í náminu, neikvæðni sé í gangi í 10. bekk (sem hún tekur ekki undir) sem finnst að allt sem sé að gerast næsta vetur sé það sem þau vildu gera. Auk þess er talað um að ekki sé heimanám í Hagaskóla. Ingibjörg ætlar að bjóða 10. bekk að hitta 7. bekk næsta vetur. Ragnheiður og Unnur segja að það sé mjög gott að hafa námsmat jafnt og þétt yfir veturinn eins og er í Landakotsskóla. Persónuleg tengsl við kennara skipta miklu og mikil ánægja með litla bekki. Einnig finnst þeim símareglurnar mjög góðar, meiri samskipti og minni truflun vegna símanna.
- g. Maarit - Hvernig gengur að halda í nemendur? IJ- Allir bekkir eru fullir en mættu vera fleiri nemendur í unglingadeild.
- h. Næsti fundur: Allir fá fundarboð en skipta þarf út skólaráðsfulltrúum kennara sem hafa setið í tvö ár eins og reglur segja til um.

Fundargerð í skólaráði Landakotsskóla 8.1.2019

Tími og staður: 8. janúar kl. 15 uppi í fundarherbergi í risi.

Fundarefni er:

1. Starfsáætlun Landakotsskóla.
2. Niðurstöður úr innra mati.
3. Lauslega kynntar niðurstöður úr könnun námsráðgjafa um líðan nemenda.
4. Lýðræðiskaffi unglingadeildar.
5. Niðurstöður úr lýðræðiskaffi nemenda á unglingastigi.
6. Önnur mál.

Mættir voru:

- Margrét Sigurðardóttir, umsjónarkennari í fimm ára bekk – fyrir hönd yngsta stigs,
- Hulda Signý Gylfadóttir, umsjónarkennari fimmta bekkjar – fyrir hönd miðstigs,
- Björn Karlsson, foreldri í fimm ára bekk og 3. bekk, varaformaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra
- Ragna Skinnar, foreldri í B hóp alþjóðadeildar, fulltrúi grenndarsamfélagsins.
- Ilmur Kristjánsdóttir, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.
- Katla Ólafsdóttir, nemandi í 9. bekk og ritari nemendafélagsins, fulltrúi nemenda.

- Sesselja Jónsdóttir, foreldri í 4. bekk, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra, mætti kl. 15:40

Í veikindaleyfi.

- Erna Ólafsdóttir, leikskólakennari fyrir hönd annarra starfsmanna.

Fundarstjóri: Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Anna Guðrún Júlíusdóttir, verkefnastjóri.

7. desember 2018 fengu fulltrúar í skólaráði sent fundarboð og fundarefni auk þess slóð á Starfsáætlun Landakotsskóla (<https://landakotsskoli.is/index.php/nam-og-kennsla/starfsaaetlun-2017-2018>).

Föstudaginn 4. jan. sendi Ingibjörg póst til að minna á fundinn.

Fundargerð

Ingibjörg bauð alla velkomna. Allir kynna sig.

IJ: Hlutverk stjórnar Landakotsskóla útskýrt (sjá starfsáætlun LKS) sem er annað en hlutverk skólaráðs. Hlutverk skólaráðs útskýrt (sjá starfsáætlun LKS) M.a. að skólastjóri þarf að kynna á skólaráðsfundi mikilvægar ákvarðanir sem varða skólann. Fulltrúar í skólaráð eru valdir með það í huga að hafa sem breiðastan hóp í ráðinu. Ákveðið er að skólaráð fundi tvisvar á ári.

Starfsáætlun Landakotsskóla kynnt:

Almenn kynning um hvað hefur verið gert varðandi ytra og innra mat í LKS. IJ kynnir umbótaáætlun, umbótum næt lokið samkvæmt listanum. Starfsáætlun kynnt. Hún er handbók um hvernig reka á skóla. Björn lýsir mikilli ánægju með starfsáætlunina og hefur reynslu af að gera slíkar áætlanir og gerir sér grein fyrir vinnunni sem liggur þar að baki.

AGJ: Innramats skýrsla 2018-2019 kynnt (sjá starfsáætlun LKS).

IJ: Könnun námsráðgjafa kynnt, um leið og niðurstöður berast er brugðist strax við. 3. árið sem þessi könnun er gerð. 1. árið líka í 5 ára en reyndist ekki gott mælitæki fyrir þennan aldur.

Áætlað að leggja annað matstæki fyrir 5 ára (Diamond). Höldum áfram að gera þessa könnun á hverju ári í október fyrir allan skólann.

IJ: Lýðræðisþingi unglunga frá 20. nóv 2018 kynnt. Farið yfir skipulagið frá upphafi til enda. Niðurstöður kynntar og hvernig er komið til móts við niðurstöðurnar. M.a. kom fram að ekki er hægt að kenna bæði frönsku og spænsku vegna smæðar skólans. Franska mun verða kennd áfram. Skipulag heimnáms og verkefnaskila hefur verið skipulagt betur hjá unglingadeild.

Fulltrúar nemenda spurðir hvort nemendur vilji bæta einhverju við: Katla: Leggur til að sófa sé bætt við fyrir utan 9. bekkjarstofu. Ilmur og Katla: Nemendur hafa rætt um áhuga á skólapeysum. Ef til vill ætti að setja á fót fjáröflun til þess.

Fulltrúar foreldra spurðir álit: Mjög gott að fá skólanámskrá, hún mun verða þýdd á ensku. Umræður um google classroom sem er notað í Alþjóðadeild en ekki í íslenska hlutanum. Hulda: Mentor kemur meira inn á næstunni á sama hátt og google classroom. Nýtt námsmat, símat verður allt skólaárið.

IJ: Hvernig getum við eflt samskipti við ísl. nemendur og alþj. deildina. Ragna: Vinaliðar er góð leið til að efla samskipti. Prófa það á öllum stigum skólans. Alþjóðadeildin vill meiri samskipti við deildina. Það sem hefur verið gert: 5. bekkir fara saman í bíó og stærðfræðileiki. Hulda: Við sjáum bætt samskipti strax á milli deildanna. Verður þróað áfram.

Helstu niðurstöður úr Lýðræðiskaffi unglunga:

Of mikið álag vegna heimavinnu og prófa. Kennarar hafi samráð.

* Próf og verkefni verða skráð með fimm daga fyrirvara inn í Mentor.

* Skráning heimanáms: Heimanám verður skráð inn í Mentor fyrir klukkan 14.

* Kennsluáætlanir eiga að fara í Mentor.

*Útprintað dagatal á kennaraborði: Próf, verkefnaskil og viðburðir verða skráðir á útprintað dagatal sem liggur á kennaraborði í stofum unglungastigs.

Bæta aðstöðu fyrir unglunga í frímínútum.

* Unglingaherbergi gert vistlegra og athugað með að færa kennslu þaðan upp í fundaherbergi kennara.

Meira listnám í unglingadeild.

* Að koma á fót meira listnámi í skólanum. Nemendur geti e.t.v. valið um e-ð tvennt. Þetta kemur til af því að nemendur vilja gjarnan brjóta upp daginn með list- eða verknámi.

Frönskunám

* Ræða við nemendur um atriði sem komu fram í Lýðræðiskaffinu varðandi frönskunám í skólanum.